

Samantektir samanstanda af birtingarkröfum sem kallast „þættir“. Þessir þættir eru tölusettir í köflum A–E (A.1–E.7).

Þessi samantekt inniheldur alla þá þætti sem krafist er að samantekt innihaldi fyrir þessa gerð verðbréfa og útgefanda. Þar sem ekki þarf að fjalla um alla þættina kunna að vera göt í númeraröð þáttanna.

Jafnvel þó innsetningu þáttar kunni að vera krafist í samantektinni vegna gerðar verðbréfa og útgefanda er hugsanlegt að ekki sé hægt að gefa neinar upplýsingar sem skipta máli varðandi þáttinn. Í því tilfalli er stutt lýsing á þættinum í samantektinni, ásamt ábendingu um að slíkur þáttur „eigi ekki við“.

Kafla A — Kynning og fyrirvarar

A.1	Kynning og fyrirvarar	<p>Þessi samantekt er hugsuð sem kynning á útboðinu.</p> <p>Fjárfestum ber að byggja ákvarðanir sínar um kaup á hlutdeildarskírteinum á þessari útboðslýsingu í heild sinni.</p> <p>Þegar krafa sem tengist upplýsingum sem finna má í þessari lýsingu er lögð fyrir rétt, gæti fjárfestastefnandi þurft, í samræmi við innlenda löggjöf aðildarríkja evrópska efnahagssvæðisins, að bera kostnaðinn af þýðingu lýsingarinnar áður en dómssmál geti hafist.</p> <p>Borgaraleg ábyrgð fylgir aðeins þeim einstaklingum sem lagt hafa fram yfirlitið, þar meðtalið hvers konar þýðingu þar að lútandi, en aðeins ef samantektin er villandi, ónákvæm eða með ósamræmi þegar hún er lesin ásamt öðrum hlutum útboðslýsingarinnar eða hún veitir ekki, þegar hún er lesin ásamt öðrum hlutum þessarar útboðslýsingar, lykilupplýsingar til að hjálpa fjárfestum að ákveða hvort fjárfesta eigi í heimildarskírteinum.</p>
A.2	Samþykki, ábendingar, skilmálar og frestur	<p>Á ekki við. Hvorki Etergo né útgefandinn samþykkir notkun á útboðslýsingu fyrir seinni endursölu eða lokamarkaðssetningu á heimildarskírteininum af fjárhagslegum milliliðum.</p>

Kafla B — Útboðsgjafi

B.1	Skrásett og firmanafn útboðsgjafa undirliggjandi hlutafjár	<p>Etergo B.V. Fyrirtækið gengur undir nafninu Etergo. Etergo hefur ekki önnur firmaheiti.</p>
B.2	Skráð staðsetning, félagiform, löggjöf og heimaland	<p>Etergo B.V. er hlutafélag í einkaeigu, með takmarkaða ábyrgð (<i>besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid</i>) samkvæmt hollenskum lögum og hefur lögheimili í Hollandi. Fyrirtæki var skrásett í Hollandi þann 1. desember 2014. Fyrirtækið hefur lögheimili í (<i>statutaire zetel</i>) í Amsterdam, Hollandi.</p>
B.3	Lykilþættir sem tengjast eðli rekstri Etergos og aðalstarfsemi þess	<p>Helstu viðskipti Etergo eru þróun, framleiðsla, markaðssetning og sala og þjónusta á rafrænum farartækjum. Þegar þessi útboðslýsing var gerð átti fyrirtækið aðeins eina vöru, AppScooter, vandað rafmagnsdrifið léttbifhjól.</p>
B.4	Nýlegar stefnubreytingar sem áhrif hafa á Etergo og viðskiptaumhverfi þess.	<p>Etergo hefur trú á að eftirfarandi stefnubreytingar hafi veruleg áhrif á viðskiptaumhverfi fyrirtækisins, sem og stöðu þess innan markaðarins. Samblanda af opinberum stefnubreytingum, se draga úr kostnaði við lithium rafhlöður, aukin drægni og tæknipróun, og aukin framboð á markaðnum hefur skapað verulegan vöxt innan markaðar með rafdrifin farartæki. Bann við bensíndrífnum léttbifhjólum í Evrópu ýta neytendum og framleiðendum frá öllum tegundum olíudrífna faratækja. Ríkisstjórnir halda áfram að ýta undir frekari útbreiðslu rafdrífna faratækja með vaxandi viðmiðum í efnahagslegu umhverfi orkugjafa og fjárhagslegum ávinningi fyrir mögulega kaupendur rafdrífna faratækja. Borgir hafa fjölgað hleðslustöðvum í úthverfum, sem fyrrum var verulegur dragbitur á markaðinn með rafdrifin farartæki.</p>

B.5	Lýsing á samstæðunni og stöðu Etergo innan samstæðunnar	Á ekki við, Etergo B.V. er ekki með nein dótturfélög og er ekki hluti af neinni samsteypu.			
B.6	Aðilar sem, beint eða óbeint, hafa verulega hagsmuni af hlut eða atkvæðarétti í Etergo, ásamt upphæð		# af hlutum	% af hlutum	Skráður eigandi
		M.L. Flipse Holding B.V.	50.546.000	36,40%	Marijn Flipse
		Rosier Holding B.V.	41.354.000	29,78%	Bart Jacobsz Rosier
		A.P. Kooi Beheer B.V.	8.100.000	5,83%	Pieter Kooi
		Stichting Administratiekantoor Etergo	22.550.127	16,24%	55 fjárfestar. (ekki Leapfunder)
		Seedrs Nominees Ltd.	16.315.789	11,75%	2.393 fjárfestar. (ekki Seedrs)
		Samtals	138.865.916	100%	
	Misjafn atkvæðaréttur	Atkvæðaréttur hvers hluthafa er sá sami, utan að samkvæmt hluthafasamkomulagi, hefur Seedrs Nominees Limited neitunarvald til að koma í veg fyrir breytingar á hluthafasamkomulaginu sem myndu á óvilhallan hátt ganga gegn hagsmunum fjárfestanna sem að því standa.			
B.7	Valdar lykiltölur fyrri tímabila	<u>Samtölur endurskoðaðs rekstrar- og efnahagsreiknings (í evrum)</u>			
			2017	2016	2014/2015
		Ófnislegar eignir	935.456	477.234	112.718
		Efnislegar eignir	81.484	29.747	2.895
		Veltufjármunir	3.139.886	54.723	22.974
		Reiðufé/reiðufjárgildi	487.970	201.741	145.203
		Heildareignir	4.644.796	763.445	283.790
		Hlutafé	4.300.545	(556.800)	(104.506)
		Langtímaskuldir	33.301	16.599	294.500
		Skammtímaskuldir	310.950	1.303.646	93.796
		Samt. Skuldir og eigið fé	4.644.796	763.445	283.790

Samtölur óendurskoðaðs rekstrar- og efnahagsreiknings (í evrum)

	30.6.2018 (ÓENDURSKOÐAÐ)	30.6.2017 (ÓENDURSKOÐAÐ)
Ófnislegar eignir	1.752.286	673.411
Efnislegar eignir	152.369	30.748
Veltufjármunir	319.126	85.356
Reiðufé/reiðufjárgildi	2.448.465	1.347.956
Heildareignir	4.672.246	2.137.471
Hlutfé	3.031.731	2.039.792
Langtímaskuldir	1.251.852	15.430
Skammtímaskuldir	388.663	82.249
Samt. Skuldir og eigið fé	4.672.246	2.137.471

Sjóðsstreymisyfirlit (í evrum)

	2017	2016	2014/2015
Sjóðsstreymi veltufjármuna	(EUR 4.052.791)	(EUR 436.195)	(EUR 63.684)
Sjóðsstreymi fjárfestinga	(EUR 591.204)	(EUR 429.265)	(EUR 115.613)
Sjóðsstreymi fjármögnunar	EUR 4.930.224	EUR 921.998	EUR 324.500
Hreyfingar handbærs fjár (sjóðsstreymi alls)	EUR 286.229	EUR 56.538	EUR 145.203

		<u>Óendurskoðað sjóðsstreymi (í evrum)</u>	
		30.6.2018 (ÓENDURSKOÐAÐ)	30.6.2017 (ÓENDURSKOÐAÐ)
	Sjóðsstreymi veltufjármuna	EUR 1.703.609	(EUR 499.352)
	Sjóðsstreymi fjárfestinga	(EUR 887.715)	(EUR 197.178)
	Sjóðsstreymi fjármögnunar	EUR 1.144.601	EUR 1.842.745
	Hreyfingar handbærs fjár (sjóðsstreymi alls)	EUR 1.960.495	EUR 1.146.215
<u>Yfirlit verulegra breytinga</u>			
Eina verulega breytingin í fjárhagsstöðu Fyrirtækisins eftir árslok 2017, voru fjárfestingar þriggja fjárfesta, í reiðufé, í mars, apríl og júní 2018 að fjárhæð 1,2 milljón evra, í formi breytanlegs láns (ímeðtöldum í óendurskoðuðum tölum uppgjörs 30. júní 2018) og fjárfesting þýsks fjárfestis í desember 2018 uppá 10 milljónir evra. Allar verulegar breytingar eru meðtaldar í óendurskoðuðu uppgjöri eigna og skulda þann 31. desember 2018 Engar verulegar breytingar hafa orðið frá árslokum 2018 til dags þessa útboðs.			
B.9	Áætlaður hagnaður	Á ekki við. Það er enginn áætlaður hagnaður í þessari útboðslýsingu.	
B.10	Fyrirvarar í skýrslu sögulegrar endurskoðunar	Á ekki við. Það eru engir fyrirvarar í skýrslu sjálfstæðs endurskoðanda um sögulegar fjárhagslegar upplýsingar fyrir árin sem lauk þann 31. desember 2017, 2016 og 2014/2015.	
B.11	Yfirlit veltufjármuna	Stjórn Etergo telur veltufjármuni Etergo nægilega til að fullnægja rekstrarþörfum til minnst 12 mánaða eftir dagsetningu útboðslýsingar.	
B.31	Upplýsingar um útgefanda hlutafjár	Etergo var stofnsett sem félag með takmarkaða ábyrgð samkvæmt hollenskum lögum (<i>besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid</i>) með samningi dagsettum 1. desember 2014, í viðurvist fulltrúa lögboðkanda í einkarétti í Hollandi. Etergo er skrásett í Amsterdam, Hollandi. Heimilisfangið er Koningen Wilhelminaplein 33, 1062 HJ Amsterdam, Holland og símanúmerið er +31 (0)15-2023160.	
B.32	Upplýsingar um útgefanda hlutdeildarskírteina	Stichting Administratiekantoor Etergo II, sjóður (stiching) undir hollenskri löggjöf, var stofnsettur og lögskráður þann 15. nóvember 2018. Ákvæði sjóðsins hafa verið samþykkt af útgefanda og lögskráð þann 15. nóvember 2018. Útgefandinn er skráður í opinbera fyrirtækjaskrá Holands með númerinu 73113336. Útgefandi er skrásettur í Amsterdam, Hollandi. Heimilisfangið er Koningen Wilhelminaplein 33, 1062 HJ Amsterdam, Holland, símanúmerið er +31 (0)15-2023160 og tölvupóstfangið er info@etergo.com .	

Kafli C — Verðbréf		
C.1	Gerð og flokkur, skráningarnúmer verðbréfa	Hlutabréf og hlutdeildarskírteini hafa verið stofnuð samkvæmt hollenskum lögum og verða útgefin samkvæmt hollenskum lögum. Útgefandi gefur út eitt hlutdeildarskírteini fyrir hvern hlut. Hlutdeildarskírteinum er ekki hægt að breyta í hlutafé. Hlutdeildarskírteinin eru skráð í eigendaskrá hlutdeildarskírteina, sem eru skráð á rafrænu formi, sem stjórn útgefanda heldur utan um. Skráningin felur ekki í sér neinn kostnað.
C.2	Gjaldmiðill	Hlútir og hlutdeildaskírteini eru gefin út í evrum (EUR).
C.3	Fjöldi hluta, hlutdeildarskírteina og nafnvirði	Hlutafé Etergo er 1.388,65916 evrur (EUR) deilt niður á 138.865.916 hluti, hvern að nafnvirði 0,00001 evru (EUR). Allir útistandandi hlutir hafa verið greiddir að fullu. Samkvæmt þessu útboði eru allt að 60.000.000 hlutdeildarskírteini til reiðu, hvert að nafnvirði 0,00001 evru (EUR).
C.4	Réttindi tengd hlutunum	Hlutir veita rétt, hlutfallslega, til samþykktra arðgreiðslna og til upplausnarvirðis. Til viðbótar, gefur hver Hlutur rétt til eins atkvæðis á aðalfundi. Hluthafar hafa forkaupsrétt í réttu hlutfalli við hlutafjäreign þeirra.
	Réttindi tengd hlutdeildarskírteinum.	Til viðbótar, gefur hver Hlutur rétt til eins atkvæðis á Hlutdeildarhafafundum Hlutdeildarskírteini veita rétt til dreifingar og greiðslna sem komast á gjalddaga og verða greiðanleg með tilliti til undirliggjandi hluta. Hlutdeildarhafar með atkvæðarétt fimmtungs hlutdeildarfjár geta krafist hlutdeildarhafafundar. Krefist hlutdeildarhafar, með atkvæðisrétt minnst fjórðugs hlutdeildarfjár, þess skriflega á hlutdeildarhafafundi, skal stjórn útgefanda bæta meðlimi við stjórn félagsins. Hlutdeildarhafar hafa ekki rétt til setu aðalfundar, rétt til að breyta hlutdeildarskírteini sínu í hlutabréf, eða forkaupsrétt þegar nýhlutdeildarskírteini eru gefin út.
C.5	Takmarkanir á eignatilfærslu hlutabréfa	Sala hlutabréfa er háð þeim takmörkunum að hver sá sem vill færa eignarhald hluta yfir á annan skal tilkynna fyrirætlan sína til stjórnar Etergo, slík tilkynning skal tiltaka fjölda hluta og nafn nýs eiganda hlutafjár. Tilkynningin verður túlkuð sem tilboð til annarra hluthafa, sem þeir geta nýtt sér.
	Takmarkanir á eignatilfærslu hlutdeildarskírteina	Handhafar hlutdeildarskírteina sem óska tilfærslu eignarhalds á einu eða fleiri hlutdeildarskírteini skulu afla samþykkis stjórnar félagsins svo eignatilfærslan teljist gild. Yfirfærsla á eignarhaldi hlutdeildarskírteina krefst vottaðs afsals um þá fyrirætlan, sem skal skráð hjá lögbókanda í Hollandi. Aðilar sem undirrita slíkt afsal eru seljandi, kaupandi og útgefandi. Stjórn útgefanda getur valið að útbúa veflausn á heimasíðu Etergo fyrir eignayfirfærslu á hlutdeildarskírteinum, sé tryggt að slík lausn samrýmist lagagrein 3:94 í hollenskum viðskiptalögum.
C.6	Verðbréfaskráning útboðsgjafa á hlutdeildarskírteinum	Hlutdeildarskírteinin verða ekki skráð á verðbréfamörkuðum. Á þessari stundu hefur Etergo engin áform um að skrá hlutabréf eða hlutdeildarskírteini á srkáðum verðbréfamörkuðum.
C.7	Greiðslur	Fyrirtækið greiddi ekki út arð vegna árána 2014/2015, 2016 og 2017. Fyrirtækið hefur ekki í hyggju að greiða út arð vegna rekstrarársins sem lauk 31. desember 2018, eða vegna hálfársuppgjör. Jákvætt sjóðsstreymi í hálfársuppgjöri verður líklegast notað til að fjárfesta í tækifærum til vaxtar.
C.14	Ábyrgð	Ábyrgð útgefanda hlutdeildarskírteina er ekki tryggð.
Kafli D — Áhættur		
D.4	Lykilupplýsingar um aðal áhættur eru	Áhættur tengdar rekstri og viðskiptaumhverfi Etergo: <ul style="list-style-type: none"> Hnignun markaðarins sem Etergo vinnur á (sem og á heimsmarkaði) gætu haft neikvæð áhrif á rekstur Etergo.

	sértækar fyrir útgefanda hlutabréfa	<ul style="list-style-type: none"> Etergo er virkt á markaði þróunar. Tæknilegir örðugleikar innan rafdrifinna farartækja. Stærð markaðar á gerð farartækja, háð löggjöf. Léttbifhjól bönnuð innan vissra borga eða borgarhluta. Etergo getur mistekist að ná markmiði um sókn á alþjóðamarkaði með vöru sína. Inköllun vöru eða ef reynir á ábyrgðartryggingar gætu aukið kostnað, sem og dregið úr sölu léttbifhjólanna og með því haft áhrif á rekstur Etergo. Fjárhagslegur afrakstur getur sveiflast verulega frá einu tímabili til annars vegna árstíðabundinna sveifla í rekstri Etergo og sveiflna í rekstrarkostnaði. Etergo er háð orðspori sínu til fjármögnunar. Aðrir gætu sakað Etergo um að brjóta gegn hugverkarétti þeirra. Etergo er aðeins virkt á afmörkuðum vörumarkaði. Etergo á mikið undir framtíðarárangri með AppScooter og hefur ekki forsögu að veifa. Etergo er háð góðu samstarfi við birgja.
D.5	Lykilupplýsingar um þá lykiláhættu sem á sérstaklega við um útgefanda heimildarskírteinanna	<p>Áhættur fylgjandi hlutdeildarskírteinum Etergo og útboðinu:</p> <ul style="list-style-type: none"> Bart Jacobsz Rosier og Marijn Flipse eru í stjórn útgefanda og Etergo. Ekki er víst að Etergo greiði út arð í framtíðinni. Yfirfærsla á hlutdeildarskírteinum er háð takmörkunum. Ekki er tryggt að fjárfestar geti selt hlutdeildarskírteini sín og ekki endilega fyrir þá fjárhæð sem þeir greiddu fyrir þau.
Kafli E — Útboð		
E.1	Nettó ágóði og áætlaður kostnaður	Heildarkostnaður útboðs er 158.500 evrur (EUR), þar af eru 101.000 evrur fyrir útboðslýsingu og þýðingar, 20.000 evrur fyrir uppsetningu á útgefanda og skráningu allra fjárfesta í útgefanda, 15.000 evru kostnaður við fjárhagsvinnu, og 22.500 evru kostnaður við AFM. Heildarupphæð ágóða veltur á fjölda þeirra hlutdeildarskírteina sem seld verða. Nettó ágóði verður 8.841.500 evrur (EUR), ef tekst að safna 9.000.000 evrum.
E.2a	Ástæður útboðs og ráðstöfun ágóða	<p>Útgefandi stefnir á að nota nettó ágóða frá útboðinu í framleiðslu á AppScooter, nýja vöruþróun, sókn á markaði, uppsetningu dreifikerfis og þjónustunets, sem og viðbótarsölu.</p> <p>Útgefandi gæti líka notað hluta ágóða útboðsins sem veltufé eða í öðrum viðskiptalegum tilgangi. Etergo gæti líka notað allt að 1.000.000 evrur af nettó ágóða til að innleysa hluti frá stofnendum eða stjórnarmeðlimum Etergo og útgefanda, Bart Jacobsz Rosier og Marijn Flipse. Samþykki aðalfundar þarf til að innleysa hluti að hærri fjárhæð en 300.000 evrur.</p>
E.3	Skilmálar útboðsins	<p>Hámarksfjöldi heimildarskírteina sem eru tiltæk til útgáfu</p> <p>Þegar þessi útboðslýsing er gefin út eru 60.000.000 hlutir tiltækir til útgáfu hjá útgefandanum, fyrir 600 EUR að uppsöfnuðu nafnvirði. Þar sem eitt heimildarskírteini er gefið út fyrir hvern hlut, er hámarksfjöldi útgefna heimildarskírteina 60.000.000, á núverandi tímapunkti. Heimildarskírteinin og undirliggjandi hlutir verða gefin út jafnóðum, fyrir utan forkaupsrétt handhafa heimildarskírteina.</p> <p>Útgáfuverð</p> <p>Etergo hefur sett upphaflegt útboðsverð á heimildarskírteinum á 0,33 EUR fyrir hvert heimildarskírteini. Stjórn útgefanda áskilur sér rétt til að breyta útboðsverðinu hvenær sem er á grundvelli núverandi niðurstaðna, eftirspurnar eftir heimildarskírteinum og/eða mikilvægra breytinga á mati á Etergo vegna tiltekinnar þróunar.</p>

		<p>Dreifing til áskrifenda Útgefandinn skal sannprófa, með sjálfvirku rafrænu ferli, hvort nafnið sem er skráð á áskriftareyðublaðið stemmir við nafnið sem bankareikningurinn, sem fyrirtækið tók við greiðslu fyrir áskrift frá, er skráður á. Ef nöfnin stemma ekki skal bjóða áskrifanda annað auðkenningarferli. Stjórn útgefandans skal ávallt hafa heimild, að eigin geðþótta og án allra skuldbindinga til að gefa upp ástæður, til að neita um áskrifir án tillits til niðurstöðu auðkenningarferlisins.</p> <p>Útgáfa heimildarskírteina til fjárfesta skal fara fram á rafrænu formi. Áskrifandi skal teljast hafa aflað þeirra heimildarskírteina sem viðkomandi gerðist áskrifandi að ef viðkomandi hefur lokið auðkenningarferlinu og hefur ekki fengið tilkynningu um að áskriftinni hafi verið hafnað af stjórn útgefandans í samræmi við skilmála fyrirtækjársins.</p> <p>Eigendaskrá heimildarskírteina Heimildarskírteinin eru skráð í eigendaskrá heimildarskírteina, sem er skrá á rafrænu formi, sem stjórn útgefanda heldur utan um.</p> <p>Endurgreiðslur Allar umframgreiðslur sem fyrirtækið hefur móttækið í tengslum við takmörkun eða útilokun á dreifingu verða endurgreiddar á bankareikninginn sem greiðslurnar bást frá. Endurgreiðslur munu ekki safna vöxtum.</p> <p>Áskriftaráform Að því marki sem Etergo og útgefandanum er kunnugt áforma engir meðlimir í stjórnarsýslustofnun eða stjórn eða aðalhluthafar að gerast áskrifendur að útboðinu.</p> <p>Öflun heimildarskírteina Heimildarskírteini má kaupa á vefsvæði Etergo. Áskrift fjárfesta að heimildarskírteinum skal fara fram með því að ljúka áskriftarferli sem er aðgengilegt í gegnum vefsvæði Etergo.</p>
E.4	Hagsmunir útboðsins (þar með talið hagsmunaárekstrar)	Bæði stjórnarmeðlimir Etergo og útgefandi og næstum allt starfsfólk Etergo eiga hagsmuni í útboðinu á grundvelli eignar þeirra á hlutum í Etergo. Shareholder Seedrs Nominees Limited og ábyrgðarhafi LeapFunder kunna að hafa hugsanlega hagsmunaárekstra, þar sem þau bjóða svipaða þjónustu og útgefandinn. Í fyrri hóp fjármörgunum hefur vinum og fjölskyldu, ásamt fólki sem tengist einnig fyrirtækjum sem eru samkeppnisaðilar Etergo, verið heimilt að fjárfesta í Etergo, sem gæti leitt til hagsmunaárekstra.
E.5	Einstaklingur eða aðili sem býður heimildarskírteini Etergo til sölu	Útboðsaðilinn er Stichting Administratiekantoor Etergo II.
E.6	Útþynning	Heimildarskírteinin og undirliggjandi hlutir verða stöðugt gefin út, samkvæmt útilokun í forkaupsrétt fyrirbyggjandi eigenda heimildarskírteina. Fyrirbyggjandi eignir eigenda heimildarskírteina muna rýrna í hlutfalli við fjölda nýrra útgefinna heimildarskírteina. Ef upp koma vandamál allt að hámarksútboðinu, verður bein uppsöfnuð útþynning byggð á 60.000.000 nýjum útgefnum hlutum 30,171%.
E.7	Áætlaður kostnaður Etergo, Stichting Administratiekantoor Etergo II gjaldfærir á fjárfesta	Á ekki við. Enginn kostnaður verður gjaldfærður á fjárfesta af Etergo eða, að því er varðar tilboðið, af Stichting Administratiekantoor Etergo II.